

Skólamálaályktun 4. þings KÍ

Skólinn er fyrir alla

Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum gegna miklum ábyrgðarstörfum í íslensku samfélagi. Í Kennarasambandi Íslands sameinast þeir um stefnu og áherslur sem miða að því að allir nemendur eigi greiðan og jafnan aðgang að fjölbreyttu námi við sitt hæfi. Þeir skulu njóta kennslu, umönnunar, ráðgjafar og stjórnunar starfsmanna með tilskilda menntun sem jafnframt er í stöðugri þróun.

Ný lög verða að boða enn betri skóla

Alþingi fjallar nú um frumvörp til nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þau byggja á allvíðtækri endurskoðun og stefnumótunavinnu um skóla- og menntamál sem KÍ hefur tekið virkan þátt í. Þing KÍ telur ýmislegt í frumvörpunum til bóta miðað við gildandi lög.

Þingið gagnrýnir að í grunnskólafrumvarpinu er dregið úr möguleikum kennara til að hafa áhrif á stjórnun og skipulagningu á innra starfi skólans. Þingið gerir alvarlega athugasemd við það að skólaárið sé lengt úr 170 dögum í 180 án skilgreiningar á því til hvers má nota þessa 10 viðbótardaga þannig að ákvæðið fari ekki í bága við gildandi kjarasamning fyrir grunnskóla. Þingið leggur áherslu á að framkvæmd lagaákvæða verði tryggð með skýru orðalagi sem tekur af allan vafa um skyldur þeirra sem vinna eftir þeim.

Þingið telur frumvarp til framhaldsskólalaga geta verið efni í góða menntastefnu og ýmis jákvæð skref tekin til að bæta nám og skólastarf í framhaldsskólum. Nokkuð óljóst er þó hvaða breytingar kunna að verða á skólastarfi, námi og lokaprófum úr framhaldsskóla. Meðal annars er námstími til stúdentsprófs er ekki tilgreindur, hvorki í árum né í námseiningum. Mikilvægt er að tillögur um aukið frelsi skóla til að byggja upp nám og námsframboð verði tryggt í nýjum lögum um framhaldsskóla þannig að skólar búi við raunverulegt faglegt sjálfstæði í starfi.

Eitt mikilvægasta markmið breytinga á lögum um skólastigin nú er að mati þings KÍ að miða lögin og framkvæmd þeirra við nemandann, nám hans, þroska, skólagöngu, hagsmuni, velferð og réttindi. En jafnframt undirstrikar þingið að virða þarf og meta störf skólastjórnenda, kennara, náms- og starfsráðgjafa og annarra starfsmanna skóla. Tryggja þarf góðan umbúnað um skólastarfið og efla fremur en draga úr virkri þátttöku starfsmanna í stjórnun, stefnumótun og þróun í grunnskólum landsins.

Þingið hvetur menntamálanefnd Alþingis til að taka mið af fjölmörgum athugasemdum KÍ í umsögnum sambandsins um skólastigafrumvörpin, bæði almennum athugasemdum og athugasemdum við einstakar greinar. Mikilvægt er að löggjöfin sé vel unnin og í sátt við þá sem bera uppi skólastarf í landinu.

Kennarar og skólastarf

Gróskumikil umræða fer nú fram á Íslandi og í mörgum nágrannalöndum um kennara og kennarastarfið. Þar ber hátt umfjöllun um mikilvægi þess að laða hina hæfustu að kennaranámi, að endurskoða og gaumgæfa ríkjandi skipulag námsins og að vinna að því að bæta náms- og starfsaðstæður í skólum. Mikið er talið vanta upp á að kennarar og kennarastarfið sé metið að verðleikum en samtímis kemur fram í viðhorfskönnunum að kennarar sem starfsstétt njóti mikils trausts almennings. Á Íslandi má greina þessa þversögn bæði í orðræðu og ástandi mála og hér er víða illa búið að kennarastéttinni í starfsaðstæðum og launakjörum. Nýleg rannsókn OECD á launakjörum kennara í aðildarlöndunum sýnir að Ísland er nálægt botninum í þeim samanburði sem er skammarlegt miðað við stöðu Íslands í efnahagslegu tilliti. Þá hafa stjórnendur dregist verulega aftur úr hvað launakjör varðar og þarf að bæta úr því ef vel menntað og metnaðarfullt fólk á að fást til að stjórna og móta stefnu skólanna.

Það er íslensku samfélagi til vansa að leikskólakennarar séu aðeins um þriðjungur starfsmanna leikskóla, að réttindakennurum í grunnskólum fækki heldur en fjölgi og að fjöldi kennara segi starfi sínu lausu vegna lágra launa og erfiðari starfsskilyrða.

Þing KÍ gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau bregðist við og geri betur við félagsmenn KÍ í skólum landsins, menntun og skólastarfi til hagsbóta. Skapa þarf kennarastarfinu þann sess sem því ber, bæta starfsskilyrði náms- og starfsráðgjafa í skólum og endurmeta störf skólastjórnenda. Í skólum landsins býr mikill mannauður í nemendum og starfsmönnum og skipta aðstæður sem þeim eru búnar til starfa miklu um framtíð þjóðarinnar.

Kennaramenntun til framtíðar

Þing KÍ fagnar frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og væntir þess að Alþingi geri frumvarpið að lögum sem allra fyrst. Það er tímabært að efla kennaramenntun meðal annars með því að gera meistaragráðu eða sambærileg námslok að skilyrði fyrir veitingu leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Með því að jafnsetja skólastigin varðandi menntunar-kröfur skipar Ísland sér í röð framsýnustu þjóða um skilning á mikilvægi þess að vel sé vandað til uppeldis og kennslu á öllum skólastigum. Kröfur til menntunar kennara mega ekki vera lakari á Íslandi en í öðrum löndum. Áherslur í frumvarpinu um að efla bæði menntun og þekkingu í faggreinum og í kennarafræðum eru mjög mikilvægar. Í kennarastarfinu reynir jöfnum höndum á samskiptahæfni, færni í að miðla þekkingu og beita starfsaðferðum sem laða fram getu og hæfileika hvers nemanda og á góða fagmenntun sem haldið er við alla starfsævina.

Þing KÍ leggur áherslu á að vandað verði til vinnu við skipulag nýrrar kennaramenntunar og leitað víðtækrar samvinnu um málið. Unnið verði að innleiðingu gæðakerfis til að meta kennaranám og sett fram öflugt skipulag um starfsþjálfun kennaranema með sérstaka áherslu á aukna þjálfun í kennslu. Gert verði ráð fyrir skipulegri leiðsögn nýrra kennara í starfi sem taki yfir lengra tímabil en nú er. Um þessi efni verði meðal annars leitað góðra fordæma frá öðrum þjóðum.

Símenntun og rannsóknir

Þing KÍ heitir á yfirvöld menntamála og vinnuveitendur félagsmanna sambandsins að auka rétt og möguleika kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda á öllum skólastigum til launaðra námsorlofa til að efla þekkingu sína og færni eigi sjaldnar en á 10 ára fresti. Þingið telur brýnt að tryggja mun betur en nú er gert réttindi og möguleika til símenntunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans bæði í samræmi við þarfir og óskir einstaklinga og með hliðsjón af þróun skólastarfs og menntunar. Félagsmenn KÍ afla sér í vaxandi mæli viðbótarmenntunar og taka á þeim vettvangi þátt í fræðilegu starfi og rannsóknum á sínu sviði. Efla þarf möguleika og auka svigrúm félagsmanna KÍ til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.